

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1242  
komudagur 27.2.2007

Alþingi  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK  
B.t. Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

26. febrúar 2007  
Tilvísun: 2007020066

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði, 568. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 16. febrúar 2007, þar sem Efnahags- og viðskiptanefnd óskar eftir umsögn þess um frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði, 568. mál, EES-reglur.

Í frumvarpinu felst innleiðing á tilskipun ESB um starfstengda eftirlaunasjóði nr. 2003/41/EC. Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið með hliðsjón af tilskipuninni og gerir í framhaldi af því neðangreindar athugasemdir.

### 1. Varasjóður

Fjármálaeftirlitið bendir á að samkvæmt 17. gr. tilskipunarinnar skulu starfstengdir eftirlaunasjóðir mynda varasjóð til að standa undir sveiflum vegna tiltekinna tegunda lífeyriskerfa sem þeir starfrækja eins og frekar kemur fram í greininni. Ákvæðin eru íþyngjandi fyrir sjóðina og varða mikilsverða hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega. Fjármálaeftirlitið álitur því nauðsynlegt að ákvæði í þessa veru verði innleidd í lög um starfstengda eftirlaunasjóði. Fjármálaeftirlitið leggur til að greinin heiti "*Varasjóður*", verði 6. gr. og svohljóðandi:

*"Starfstengdur eftirlaunasjóður skal mynda varasjóð umfram skuldbindingar til að standa undir sveiflum vegna lífeyriskerfa þar sem sjóðurinn sjálfur en ekki aðildarfyrirtæki ber líffræðilega áhættu eða þar sem gefið er loforð um ákveðna ávöxtun eða ákveðin réttindi. Varasjóðurinn skal endurspeglar eignir og áhættugerð allra lífeyriskerfa sem sjóðurinn starfrækir og vera varanlegur. Eignir í varasjóði skulu ekki vera háðar fyrirsjáanlegum skuldbindingum heldur vera varafjármagn vegna mismunar milli væntra og raunverulegra gjalda og hagnaðar.*

### 2. Upplýsingaskylda

Í 11. gr. tilskipunarinnar er að finna ítarleg ákvæði um upplýsingaskyldu starfstengdra eftirlaunasjóða til sjóðfélaga og lífeyrisþega. Í frumvarpinu er ekki kveðið sérstaklega á um upplýsingaskyldu starfstengdra eftirlaunasjóða til sjóðfélaga heldur virðist vera gert ráð fyrir því að um upplýsingaskyldu sjóðanna gildi ákvæði laga nr. 129/1997. Þannig gilda ákvæði IV. og VI.-X. kafla laganna um starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða skv. 4. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið bendir á að mikilvæg ákvæði um upplýsingaskyldu til sjóðfélaga er að finna í 18. gr. í III. kafla laga nr. 129/1997. Sú grein gildir ekki um starfstengda eftirlaunasjóði skv.

4. gr. frumvarpsins. Jafnframt er bent á að kröfur um upplýsingaskyldu skv. 11. gr. tilskipunarinnar eru í nokkrum atriðum ríkari en þær kröfur sem almennt er að finna í lögum nr. 129/1997.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Fjármálaeftirlitið til að 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

*"Ákvæði IV. og VI - X. kafla og 18. gr. III. kafla laga nr. 129/1997 gilda um starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða nema annað komi fram í lögum þessum."*

Jafnframt er lagt til að nýrri grein sem heiti "*Upplýsingaskylda starfstengdra eftirlaunasjóða*" verði bætti við frumvarpið, greinin verði 7. gr. og svohljóðandi:

*"Starfstengdur lífeyrissjóður skal veita sjóðfélögum og lífeyrisþegum eftirfarandi upplýsingar óski þeir eftir því:*

*a) upplýsingar um meginefni fjárfestingastefnu skv. 37. gr. laganna þar sem fram koma a.m.k. upplýsingar um aðferði sjóðsins við mælingar á áhættu, aðferðir við áhættustjórnun og markmið um eignasamsetningu með tilliti til eðlis og líftíma skuldbindinga,*

*b) í þeim tilvikum sem sjóðfélagi ber fjárfestingaáhættu, ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um fjárfestingavalkosti, ef við á, og raunverulega eignasamsetningu auk upplýsinga um stig áhættu og kostnað tengdan fjárfestingunum,*

*c) og ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um ráðstafanir vegna flutnings á réttindum þeirra til annars starfstengds eftirlaunasjóðs vegna loka ráðningarsamnings.*

*Við starfslok eða þegar réttur til útgreiðslu réttinda skapast skal senda sjóðfélagi viðeigandi upplýsingar um réttindin og valkosti við útgreiðslu þeirra."*

### 3. Eftirlit

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins gilda ákvæði IX. kafla laga nr. 129/1997 um eftirlit með starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða. Þá er í 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins kveðið á um að starfstengdur eftirlaunasjóður sé háður eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Í 14. gr. tilskipunarinnar er að finna ákvæði um eftirlit með starfstengdum eftirlaunasjóðum. Fjármálaeftirlitið bendir á að þau úrræði í eftirliti með sjóðunum sem þar er að finna eru nokkuð ríkari en úrræði IX. kafla laga nr. 129/1997.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar getur eftirlitsaðili takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun eigna starfstengds eftirlaunasjóðs og samkvæmt 4. mgr. 14. gr. getur eftirlitsaðili takmarkað eða bannað starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs. Samskonar úrræði er ekki að finna í lögum nr. 129/1997 eða lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið bendir á að orðalag nefndra ákvæða tilskipunarinnar gefur til kynna að þessi úrræði séu valkvæð en þar er kveðið á um að eftirlitsaðili "geti" beitt umræddum úrræðum en ekki að eftirlitsaðili "skuli" hafa þessi úrræði.

Samkvæmt 46. gr. laga nr. 129/1997 getur Fjármálaeftirlitið gert tillögu um að ráðherra skipi lífeyrissjóði umsjónaraðila undir alvarlegum kringumstæðum, s.s. þegar sjóður er ekki lengur gjaldhæfur, starfsleyfishæfur, sinnir ekki kröfum eftirlitsins um úrbætur eða rekstri er verulega ábótavant. Frekari ákvæði er varða skipun umsjónaraðila og slit lífeyrissjóða er að

finna í 46. og 47. gr. laganna og eru það þau úrræði sem komast næst þeim úrræðum sem gert er ráð fyrir að eftirlitsaðili hafi í 14. gr. tilskipunarinnar.

Fjármálaeftirlitið álitur að úrræði 46. og 47. gr. laga nr. 129/1997 geti ekki komið í stað þeirra úrræða sem gert er ráð fyrir í 3. og 4. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar og bendir á að krafa um sambærileg úrræði er gerð í 3. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar. Einkum skal bent að úrræði laganna eru bæði viðameiri og seinvirkari og hætt við að þau myndu duga skammt undir kringumstæðum sem krefðust skjótra viðbragða í alþjóðlegu umhverfi.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Fjármálaeftirlitið til að við frumvarpið bætist ný grein undir heitinu "Eftirlit" sem verði 9. gr. og svohljóðandi:

*"Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að tilteknir þættir í starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs verði takmarkaðir eða stöðvaðir tímabundið í því skyni að koma í veg fyrir háttsemi sem er talin andstæð ákvæðum laga þessara en einkum ef:*

- a) sjóðurinn bregst því að vernda með fullnægjandi hætti hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega,*
- b) sjóðurinn uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfi,*
- c) sjóðurinn bregst því með alvarlegum hætti að rækja skyldur sínar samkvæmt þeim reglum sem gilda um starfsemi hans,*
- d) eða þegar um starfsemi í öðru landi er að ræða og sjóðurinn virðir ekki kröfur vinnu- og félagsmálalöggjafar gistiríkis er snerta starfstengdan lífeyri.*

*Ákvörðun um að takmarka eða stöðva tiltekna þætti í starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs skal ítarlega rökstudd og tilkynnt sjóðnum.*

*Fjármálaeftirlitið getur krafist kyrrsetningar eigna starfstengds eftirlaunasjóðs:*


- a) reynist sjóðurinn ekki gjaldhæfur að mati Fjármálaeftirlitsins eða*
- b) eigi stofnunin ekki skyldubundinn varasjóð skv. 6. gr."*


#### **4. Umfang eftirlits**

Starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt heimildum í frumvarpinu mun kalla á aukið umfang í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Í fyrstu myndi lagasetning um starfsemi slíkra sjóða kalla á það að ákveðnir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins byggðu upp viðeigandi þekkingu á starfsemi slíkra sjóða og eftirliti með þeim í alþjóðlegu samhengi. Jafnframt þarf að móta ákveðna umgjörð um eftirlitið í upphafi en síðan að sinna almennu eftirliti með sjóðunum og viðhalda nauðsynlegri þekkingu og umgjörð. Fjármálaeftirlitið mun við gerð næstu rekstraráætlunar þess koma á framfæri frekara mati á auknu umfangi verkefna vegna starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða hér á landi.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Jonas Fr. Jónsson

  
Kristín A. Birgisdóttir